

Ávarp Jónasar Þórs Guðmundssonar, stjórnarformanns Landsvirkjunar, á ársfundi fyrirtækisins 28. febrúar 2019

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, forseti Alþingis, Steingrímur J. Sigfússon, og aðrir góðir gestir!

Staða Landsvirkjunar

Rekstur Landsvirkjunar gengur vel. Ef til vill má segja að staða fyrirtækisins sé sterkari en nokkru sinni fyrr í rúmlega hálfri aldar sögu þess. Við stofnun Landsvirkjunar var ekki tjaldað til einnar nætur og nú uppskerum við vegna þeirrar framsýni sem einkennt hefur starfsemina alla tíð. Á þeim styrku stöðum sem lagðar voru í upphafi hefur mikil uppbygging átt sér stað undanfarin ár, samhliða ábyrgum rekstri. Aflstöðvar hafa risið, fjármagnaðar með sjóðstreymi, á meðan skuldir hafa lækkað.

Ársreikningur Landsvirkjunar fyrir árið 2018 kom út í dag og var birtur fyrir hádegi. Tekjur ársins námu um 61,9 milljörðum króna og hækkuðu um 11% frá árinu 2017. Þær hafa aldrei verið hærrí og munaði þar mestu um aukna orkusölu og hærra álverð. Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam um 21,4 milljörðum króna og hækkaði um 20% frá fyrra ári. Nettó skuldir lækkuðu um 18,3 milljarða króna á árinu á sama tíma og fjárfest var fyrir um 17,5 milljarða króna. Hlutfall nettó skulda á móti EBITDA-rekstrarhagnaði er komið niður í 4,8 og hefur skuldsetning á þann mælikvarða aldrei verið minni. Raforkusala jókst um 430 gígavattstundir frá fyrra ári og var alls um 14,8 teravattstundir. Það er mesta orkusala í sögu fyrirtækisins.

Átjándi aflstöð Landsvirkjunar, Búrfellsstöð II, var gangsett á árinu, auk þess sem annar áfangi þeirrar sautjándu, á Þeistareykjum, hóf rekstur. Undirbúningur nýrra virkjanakosta hefur lengi staðið yfir, en ákvarðanir um næstu virkjanir verða, eins og áður, teknar á viðskiptalegum forsendum.

Sú sterka staða Landsvirkjunar sem hér var lýst hefur gert því góða fólki sem starfar hjá fyrirtækinu kleift að huga að mikilvægum málum. Áhersla er ekki síst lögð á ábyrgan rekstur, sjálfbæra þróun og jafnréttismál. Í þeim efnum er Landsvirkjun í stöðu til að láta gott af sér leiða og hjálpa til við að draga vagninn þegar kemur að þjóðþrifamálum. Orkuvinnsla úr endurnýjanlegum orkugjöfum er ef til vill mikilvægasta samfélagsmál alls mannkyns nú um stundir. Erindi Landsvirkjunar við almenning er því margþætt og mikilvægt, hvar og hvernig sem á er litið.

Stöðugar leikreglur og fyrirsjáanleiki

Stöðugar leikreglur og fyrirsjáanleiki skipta höfuðmáli í rekstri allra fyrirtækja – ekki síst orkuvinnslufyrirtækja eins og Landsvirkjunar. Árið 2003 setti Alþingi Íslendinga raforkulög, sem fólu í sér grundvallarbreytingu fyrir íslenska orkumarkaði og stuðluðu að heilbrigðara viðskiptaumhverfi fyrir raforku á Íslandi. Komið var á samkeppni í vinnslu, heildsölu og smásölu, en flutningur og dreifing urðu háð sérleyfi, enda erfiðara um vik að koma á samkeppni á þeim mörkuðum.

Áður hafði raforkumarkaður á Íslandi einkennst af einokun, ekki síst í smásölu, þar sem í gildi var svæðisbundinn einkaréttur fyrirtækja sem flest voru í eigu sveitarfélaga. Neytendur höfðu lítið sem ekkert val. Landsvirkjun þurfti þó að standa sig á samkeppnismarkaði þar sem fyrirtækið keppti þá sem nú á alþjóðlegum markaði fyrir rafmagn til stórnotenda.

Tilgangurinn með þessum breytingum á lagalegri umgjörð raforkumarkaðarins var meðal annars að virkja krafta samkeppninnar, neytendum til hagsbóta. Til þess að standa sig og lifa af þurfa fyrirtækin nú að keppa um hylli neytenda með því að vera samkeppnishæf í verði og gæðum þjónustunnar.

Þessi grundvallarbreyting byggði, sem kunnugt er, á raforkulöggjöf Evrópusambandsins sem innleidd var hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Ekki standa rök til annars en að álykta að breytingin, sem í nýjum raforkulögum fólst, hafi reynst farsæl fyrir Landsvirkjun.

Orkustefna til framtíðar

Ágætu fundargestir!

Stjórnvöld vinna nú að orkustefnu fyrir Ísland og hafa leitað eftir tillögum og hugmyndum þar að lútandi í svokallaðri samráðsgátt. Hér er um mikið þjóðþrifaverk að ræða og löngu tímabært, enda stendur íslenskur raforkuiðnaður að mörgu leyti á tímamótum og viðfangsefnin eru margþætt. Eins og fyrr var vikið að er langtímahugsun lykilatriði í raforkuvinnslu, ekki síst þegar samfélagið er jafn háð rafmagni og raun ber vitni.

Við mótun orkustefnu þarf að huga að ýmsum þáttum. Eitt mikilvægasta atriðið lýtur að orkuöryggi þjóðarinnar og framboði á orku. Af hálfu Landsvirkjunar hefur áður verið bent á að eftir að fyrrnefnd raforkulög tóku gildi árið 2003 hefur enginn einn aðili borið ábyrgð á að aukinni orkuþörf verði mætt með frekari orkuöflun. Mjög brýnt er að fyrir hendi séu úrræði sem hægt sé að grípa til með nægilegum fyrirvara, ef sýnt

þykir að ekki verði unnt að mæta orkuþörf almennra raforkunotenda. Enn og aftur er fyrirhyggja grundvallaratriði í þessu sambandi, í ljósi þess að undirbúningur og framkvæmdir við virkjanamannvirki mælast í árum fremur en mánuðum.

Þá er að sjálfsögðu nauðsynlegt að stefnan taki mið af þeim aðstæðum sem nú eru uppi í orkumálum heimsins alls. Orkuvinnsla þarf að standast allar kröfur sjálfbærrar þróunar og taka þannig mið af efnahagslegum, samfélagslegum og umhverfislegum þáttum.

Stærsta hagsmunamálið í heiminum um þessar mundir snýst um að koma böndum á loftslagsbreytingar. Þar er sjálf Jörðin, heimkynni okkar, að veði. Loftslagsmál eru hagsmunamál alls mannkyns. Þess vegna verður orkustefna hér, ekki síður en annars staðar, að gagnast í baráttunni við loftslagsbreytingar ef vel á að vera. Í þeim efnum eru orkuskipti stórt mál, enda bendir flest til þess að lítill árangur náist í þessari baráttu án þess að skipt sé úr jarðefnaeldsneyti yfir í endurnýjanlega orkugjafa. Við Íslendingar erum líklega miðað við stærð ein ríkasta þjóð heims af endurnýjanlegum orkulindum og erum því í einstakri stöðu til þess að leggja okkar af mörkum til þeirra breytinga sem taldar eru nauðsynlegar.

Ný viðskiptatækifæri

Ágætu fundargestir!

Eins og áður var nefnt er grundvallaratriði fyrir orkuvinnslu sem atvinnugrein að hugað sé vel að framtíðinni. Til þess að átta sig betur á mikilvægi þess að horfa fram á veginn, getur verið hollt að líta um stund í baksýnispegilinn. Ég hef áður vikið að því á ársfundi Landsvirkjunar að einn af atkvæðamestu frumkvöðlum í orkusögu þjóðarinnar, að öðrum ólöstuðum, er Jóhannes Nordal, sem starfaði sem stjórnarformaður fyrirtækisins í heil 30 ár, frá stofnun þess 1965 til ársins 1995. Undir hans forystu var lagður grunnur að því fyrirtæki sem Landsvirkjun er í dag.

Jóhannes áttaði sig á því að grundvöllur framfara í samfélaginu væri framsýni og athafnasemi. Í erindi á ársþingi atvinnurekenda árið 1965 horfði hann einmitt um öxl og sagði að ef Íslendingar hefðu virkjað í Þjórsá á þriðja áratug aldarinnar, ættu þeir nú – og hér vitna ég orðrétt í Jóhannes: „fullafskrifuð orkuver, er skiluðu hundruðum milljóna í hreinum tekjum á ári hverju, og síðast en ekki síst værum við búnir að eignast stétt sérfræðinga og vísindamanna, sem gerðu okkur kleift að standa jafnfætis öðrum í efnaiðnaði. Þessi hefur orðið þróunin í Noregi, á meðan stórfljót Íslands hafa runnið óbeisluð til sjávar. Sá tími, sem þannig hefur glatazt, verður ekki unninn upp að nýju, en þessi reynsla gæti orðið til þess, að menn hugsuðu sig vandlegar um en ella, ef enn á ný

gefast tækifæri til þess að koma upp orkufrekum iðnaði hér á landi í stórum stíl.“ (Tilvitnun lýkur.)

Jóhannes horfði þarna til reynslu Norðmanna, sem höfðu verið í svipuðum sporum og við fjörutíu árum áður. Að vissu leyti má segja að sú sé ennþá raunin – að ekki sé síður ástæða til að horfa til reynslu frænda okkar síðustu ár og áratugi. Þeir hafa áttað sig á kostum þess að tengja raforkukerfið við fleiri markaði með því meðal annars að leggja lengsta sæstreng í heimi, NorNed-strenginn, til Hollands, auk þess að vera tengdir með Skagerrak-strengnum til Danmerkur. Til viðbótar er unnið að lagningu þriggja sæstrengja – tveggja til Bretlands og eins til Þýskalands. Með þessum framkvæmdum hafa þeir tryggt orkuöryggi á heimaslóðum, hámarkað afrakstur og nýtingu endurnýjanlegra auðlinda sinna og síðast en ekki síst lagt sitt af mörkum í loftslagsmálum og orkuskiptum.

Eftirspurn eftir íslenskri raforku er í dag meiri en framboð og fjölbreyttar iðngreinar sýna Íslandi aukinn áhuga. Ný viðskiptatækifæri hafa gert Landsvirkjun kleift að breikka hóp viðskiptavina í þeim tilgangi að auka verðmætasköpun og arðsemi fyrir eigandann ásamt því að draga úr rekstraráhættu. Á sama tíma eru vísbendingar um að raforkusala á erlenda markaði um sæstreng kunni að vera arðbær fyrir Ísland, auka orkuöryggi í landinu og bæta ábyrga nýtingu orkuauðlindanna. Landsvirkjun mun áfram leggja sitt af mörkum til að skoðað verði hvort þar séu fyrir hendi tækifæri sem vilji er til að nýta.

Minnt skal á, eins og áður hefur verið gert á ársfundi Landsvirkjunar, að umræður hér á landi um sæstreng eru ekki nýjar af nálinni og áttu sér stað fyrir stofnun Landsvirkjunar, að því er talið er fyrst árið 1958. Einnig má geta þess að þáverandi iðnaðarráðherra, Friðrik Sophusson, og Jóhannes Nordal áttu fund í London í ársbyrjun 1988 með orkumálaráðherra Bretlands og kynntu honum meðal annars frumrannsóknir Landsvirkjunar í þessum málum.

Loks skal hér nefnt að í viðtali við Morgunblaðið 1. júlí 1995 sagði Jóhannes Nordal um hugmyndir um sölu á raforku með sæstreng, þegar hann lét af störfum sem stjórnarformaður Landsvirkjunar – og aftur vitna ég beint í Jóhannes: „Þegar við skoðum nýtingarmöguleikana á orku í framtíðinni þá er hún aðallega á tveimur sviðum. Annars vegar með því að byggja upp orkufrekan iðnað og hins vegar selja beint úr landi um sæstreng. Það hlýtur að vera þjóðhagslega hagkvæmara fyrir okkur að öðru jöfnu að selja þessa orku innanlands. Og að því höfum við fyrst og fremst beitt okkur undanfarin ár. En á hinn bóginn verður að hafa í huga að orkulindir okkar eru svo stórar að mjög ólíklegt er að við getum nýtt þær allar í fyrirsjáanlegri framtíð með því að byggja upp orkufrekan

iðnað. Þessvegna er ég þeirrar skoðunar að ef útflutningur reynist vera hagkvæmur þá eigum við að nýta okkur það tækifæri.“

Og áfram sagði Jóhannes, orðrétt: „Ljóst er að það tekur mjög langan tíma að undirbúa lagningu sæstrengs til útlanda. Í fyrsta lagi er flutningsgeta með tækninni í dag um 600-700 MW, þannig að við getum ekki nýtt þá flutningsgetu nema ráðast í mjög stórar nýjar virkjanir og þær krefjst langs undirbúnings. Það er eitt af því sem takmarkar hve fljótt sæstrengur gæti komið til. Og miðað við núverandi orkuverð í Vesturevrópu, til dæmis frá nýjum gasaflstöðvum, er orka frá Íslandi tæplega samkeppnishæf enn sem komið er. Hinsvegar er búist við að orkuverð í Evrópu muni halda áfram að hækka á næstu árum og smám saman verði orka héðan samkeppnishæfari. Við erum því að horfa alllangt fram í tímann. Þessar sæstrengshugmyndir eru mjög háðar því hvernig hagkvæmt sé að virkja á Austurlandi. En langbest liggur við að rafstrengur komi á land á Austfjörðum, eins og síminn gerði í byrjun þessarar aldar, 100 árum fyrr.“ (Tilvitnun lýkur.) Þessi orð voru sögð fyrir tæpum aldarfjórðungi síðan.

Samkeppnishæft verð

Ágætu fundargestir!

Fyrirtæki í orkufrekum iðnaði eru burðarás í viðskiptamannahópi Landsvirkjunar og hefur svo verið frá stofnun fyrirtækisins. Kapp er lagt á að sinna málum þeirra vel. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að í samningaviðræðum við stórnotendur er Landsvirkjun smár aðili á stórum, alþjóðlegum samkeppnismarkaði, þar sem keppt er um viðskipti stórfyrirtækja. Í þeim slag verður Landsvirkjun að bjóða samkeppnishæft verð, því annars leita fyrirtækin einfaldlega annað. Markmið Landsvirkjunar er þó ávallt að hámarka afrakstur af orkulindunum með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Á hinn bóginn hefur Landsvirkjun ekki heimild til þess að stunda undirboð eða niðurgreiðslu á orku til þess að afla viðskipta eða viðhalda þeim. Slíkt háttalag væri andstætt lögum.

Arður til framtíðar

Að undanfögnu hefur Landsvirkjun haldið fundi um stöðuna á íslenskum og alþjóðlegum raforkumörkuðum. Á einum slíkum var meðal annars kynnt ný skýrsla Reykjavík Economics og Intellecon um orkuauðlindir Íslendinga og hagsæld til framtíðar. Í henni kemur fram að arðurinn af endurnýjanlegum orkulindum þjóðarinnar er ekki sjálfgefinn, heldur byggir á hagkvæmri nýtingu þeirra.

Ágætu fundargestir!

Eins og kunnugt er nú í burðarliðnum þjóðarsjóður sem á að byggja á arðgreiðslum frá Landsvirkjun, sem fyrirsjáanlegt er að muni aukast í framtíðinni með bættri stöðu fyrirtækisins. Þessi arður getur orðið töluverður, í þjóðhagslegu samhengi. Því má segja að starfsemi og afkoma Landsvirkjunar sé mikilvæg sem aldrei fyrr fyrir íslensku þjóðina og framtíð hennar. Það er þess vegna áriðandi að fyrirtækinu verði búið stöðugt umhverfi og aðstæður sem gera því kleift að hámarka afraksturinn af auðlindinni. Eins og fyrr var getið er Landsvirkjun lítill fiskur í stórri tjörn, ef svo má að orði komast, í samningaviðræðum við stórfyrirtæki á alþjóðlegum raforkumarkaði. Því ber að gjalda varhug við öllum tillögum sem miða að því að veikja fyrirtækið á þeim markaði. Verði rétt á málum haldið getur Landsvirkjun orðið enn styrkari stoð í efnahagslífi Íslendinga næstu ár og áratugi og á sama tíma stuðlað að því að Íslendingar leggi sitt af mörkum til orkuskipta í heiminum.

Ég þakka áheyrnina!